

Sp.

28. Tillaga til þingsályktunar

[28. mál]

um strandferðir.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Eysteinn Jónsson, Sigurvin Einarsson,
Páll Þorsteinsson, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta gera áætlanir um smíði og rekstur strandferðaskips til farþegaflutninga.

Greinargerð.

Í þann mund sem Skipaútgerð ríkisins hafði byggt upp skipastól sinn með sex ágætum skipum varð breyting í farþegaflutningum hér á landi, er flugið ruddi sér til rúms með undraskjótum hætti.

Farþegaskipin, Esja og Hekla, voru jafnframt vöruflutningaskip, sem stundum töfðu dægurlengt í sömu höfn við lestun og losun. Þau hentuðu því ekki vel sem farþegaskip við gerbreyttar aðstæður.

Engu að síður veittu þessi skip, á meðan þeirra naut við, íbúum fjarðanna eystra og vestra mikilvæga farþegaþjónustu og öryggi, einkum á vetrum, þegar aðrar samgöngur eru örðugastar. Og með þessum skipum voru að sumarlagi byggðar upp hringferðir fyrir farþega, innlenda og erlenda.

Með sölu Esju og Heklu má telja, að farþegaflutningar á sjó á lengri leiðum séu niður lagðir. Hefur meginþungi fólksflutninga á langleiðum innanlands færzt yfir á flugið. Ýmsir telja, að þar með séu fólksflutningar á sjó orðnir úreltir og eigi að hverfa úr sögunni. Flutningsmenn þessarar tillögu eru á annarri skoðun.

Þarfir nútímaþjóðfélags fyrir góðar og greiðar samgöngur eru margvíslegar. Að því er fólksflutninga varðar, þá eru verkefnin mjög breytileg og sum þannig, að þau verða trauðla leyst með fluginu einu saman.

Í sumum landshlutum veldur veiraríki truflunum á samgöngum á landi og í lofti, mismunandi miklum eftir veðurfari.

Þótt „loftbrú“ tengi nokkra helztu þéttbýlisstaði landsins höfuðstaðnum, þá gefur flugið ekki nauðsynlega tengingu þessara staða innbyrðis.

Ferðir með Esju og Heklu umhverfis Ísland á sumardegi hafa notið vinsælda sem og einstakar hópferðir með þessum skipum, en æskilegt er að greiða fyrir því, að fólk geti ferðast innanlands í orlofi sínu.

Talað er um, að þrefalda megi gestkomur erlendra á fáum árum. Hringferðir ríkisskipa hafa verið einn þátturinn í fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna. Hann ber að efla, en eigi afnema.

Allt þetta þarf að skoða vandlega, áður en því er slegið föstu, að útgerð farþega-skips til siglinga með ströndum fram sé úrelt og heyri fortíðinni til. Þyki á einhverjum árstíma of lítið að gera fyrir farþegaskip á ströndinni, ber að athuga um önnur verkefni. Og minna má á það, að engin þjóð með líka landshætti og Íslendingar, langa strönd með dreifðri byggð og ágætum höfnum, hefur horfið frá farþegaflutningum á sjó.

Flutningsmenn tillögunnar telja því auðsætt, að nú þegar beri að hefjast handa um undirbúning að byggingu farþegaskips í stað Esju og Heklu. En þá verður fyrst að gera nauðsynlegar áætlanir um byggingarkostnað og rekstur skipsins. Veldur það vissulega óþægindum við slíka áætlunargerð, að einhliða farþegaskip af þeirri stærð, sem til greina kæmi, hefur ekki verið gert hér út áður. Verður þá að sjálf-sögðu fyrst og fremst að byggja á þeirri þekkingu, sem forsjármenn strandferðanna hafa á þessum málum, enda þótt hagkvæmt kynni að þykja að leita einnig til erlendra kunnáttumanna.